



## Fundur í hafnarnefnd

### 17. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, föstudaginn 6. júlí 2018 og hófst kl. 14:00

**Mættir voru:** Halldór Stefánsson formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhann Ægir Halldórsson, Áki Guðmundsson og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Hafnarstjóri kvað sér hljóðs og bar upp tillögu þess efnis að fundargerð yrði send út í kjölfar fundar og samþykkt rafrænt. Var það samþykkt af öllum fundarmönnum.

#### Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Höfnin á Bakkafirði
3. Rekstur hafna
4. Önnur mál

#### 1. Starfsmannamál

Hafnarstjóri fór yfir stöðuna í starfsmannamálum en undanfarið hafa báðir hafnarverðir verið frá vegna veikinda. Starfsmenn áhaldahúss slökkviliðsstjóri og aðrir starfsmenn hafa hlaupið undir bagga, mannað hafnir og hliðrað til í störfum sínum, einnig hafa sjómenn sýnt mikil liðlegheit. Hafnarnefnd þakkar skilning og hjálp þessara aðila.

#### 2. Höfnin á Bakkafirði

Hafnarstjóri fór yfir það helsta sem er í gangi í höfninni í Bakkafirði s.s. viðgerðir sem nú standa yfir á bað- og salernisaðstöðu.

Í höfninni hefur mikið verið umleikis undanfarnar vikur vegna fjölda strandveiðibáta. Það sem af er ári hefur 1.134 tonnum verið landað, heildarafli síðasta árs var 1.893 tonn. Einnig fór hafnarstjóri yfir rekstrarniðurstöðu hafnarinnar undanfarin ár og áætlun yfirstandandi árs. Rekstrarniðurstaða hafnarinnar fyrir fjármagnsliði og sameiginlega kostnað var árið 2017 neikvæð um 852 þúsund. Að síðustu fór hafnarstjóri yfir samskipti sín við Vegagerðina vegna skemmdar í hafnargarði, staða þess máls er sú að boltinn er nú hjá Vegagerðinni sem hyggst meta garðinn og í framhaldi koma viðgerð á garðinum inn á samgönguáætlun.

Að afloknu mála hafnarstjóra voru eftirfarandi ákvarðanir teknar.

- a) Hafnarstjóra falið að setja sig í samband við N1 og óska eftir færslu á aðstöðu til olúafyllingar. Lagt er til að áfyllingaraðstaða verði í suðurhorni hafnar.

- b) Hafnarstjóra falið að setja sig í samband við forsvarsmenn Ísfélagsins og óska upplýsinga um gám sem félagið á og er ásamt ýmsu öðru staðsettur við innkeyrslu að löndunarbryggju.
- c) Hafnarstjóra falið að skoða möguleika á lengingu löndunarbryggju til austurs ásamt að skoða möguleika á annarri flotbryggju norðan þeirrar sem nú er.
- d) Ákveðið að fá kafara við hentugleika til að skoða ástand lásafestinga á flotbryggju.

Að síðustu var borin upp tillaga þess efnis að krani sá sem keyptur hefur verið fyrir höfnina á Þórshöfn verði settur upp á Bakkafirði en ekki á Þórshöfn.

**Bókun um afgreiðslu:** Hafnarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að nýr krani sem sveitarstjórn ákvað á fundi sínum að kaupa fyrir höfnina á Þórshöfn verði settur upp á Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða

### 3. Rekstur hafnarsjóðs

Hafnarstjóri fór yfir rekstur hafnarsjóðs á síðasta ári og bar saman við rekstur fyrri ára og áætlun ársins. Tekjur 2017 voru 66,9 millj., rekstrargjöld með afskriftum voru 57,9 millj., fjármagnsgjöld voru 5,3 millj. Rekstrarniðurstaða hafnarsjóðs var jákvæð um 3,8 millj. sem er 12,8 millj. betri afkoma en 2016.

### 4. Önnur mál.

Engin.

Fundi slitið kl. 15:25

*Fundargerð send fundarmönnum og samþykkt með rafrænum hætti.*